

**Mál nr. 35/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Hinn 28. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A og B á Holtavörðuheidi. Í málskoti kemur fram að samkvæmt niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingarfélaganna beri A alla sök á umræddum árekstri þar sem ökumaður hennar hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að sök skuli skipt milli A og B. Aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar, skyggni lítið og færð slæm og B hafi þverað veginn þar sem hún hafi verið að draga aðra bifreið sem lent hafði utan vegar. Ökumaður A hafi keyrt varlega og greint hættuljós frá B, en vegna slæms skyggnis og hæðarmismunar hafi hann aðeins greint bjarma af ljósinu en ekki bifreiðina sjálfa. Hann hafi markvisst dregið úr hraða en bifreiðin svo byrjað að renna án nokkurs viðnáms og rekist á B, en flughált hafi verið á vettvangi. Ekki hafi verið mögulegt fyrir A að komast framhjá B án þess að lenda utan vegar en B hafi verið lagt yfir báðar akreinar vegarins. Það hafi verið gáleysi af hálfu B að reyna að draga aðra bifreið upp á veg og þvera veginn í þeim tilgangi við þessar aðstæður. Það hljóti þannig að hafa áhrif á sakarmat að ökumaður B hafi ákveðið að stöðva bifreiðina með þessum hætti án þess að koma fyrir viðvörunarþríhyrningi eða kalla eftir vegaaðstoð frekar en að draga bifreiðina upp sjálfur við þessar aðstæður.

Í bréfi V kemur fram að þar sem báðar bifreiðarnar séu váttryggðar hjá félaginu séu ekki gerðar sérstakar athugasemdir. Bréfi V fylgdi þó m.a. frásögn ökumanns B þar sem kemur fram að hann hafi verið að aðstoða ökumann bifreiðar sem hafði lent utan vegar. Hafi hann verið að verið að búa sig undir að tengja kaðla milli bifreiðanna þegar hann heyrði A nálgast. Hafi A hemlað en lent framan á B, sem hafi verið kyrrstæð í vegkanti. Fljúgandi hálka hafi verið á vettvangi og dimmt en B sé búin auka ljósum á hliðum og að framan sem auki sýnileika hennar. Alltaf sé kveikt á þeim ljósum.

**Álit.**

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður skuli haga akstri sínum þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki sínu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir áður en komið er að hindrun. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. hvílir m.a. sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs, þegar vegur er blautur eða háll og þar sem umferðaróhapp hefur orðið. Ökumönnum A og B ber saman um að akstursaðstæður hafi verið afar erfiðar umrætt sinn og verður því að líta svo á að á A hafi hvílt sérstök skylda til að haga akstri sínum til samræmis við það. Af 32. gr. umferðarlaga leiðir svo að á ökumanni hvílir skylda til að setja upp viðvörunarþríhyrning og tendra hættuljós hafi ökutæki stöðvast á stað þar sem óheimilt er að stöðva ökutæki eða leggja því. Verður að telja að í þessu tilviki hafi slík skylda hvílt á ökumanni B. Samkvæmt frásögn hans voru hættuljós bifreiðarinnar tendruð, svo og sérstök viðbótarljós framan á B og á hliðum hennar, þó ekki liggi fyrir hvort viðvörunarþríhyrningur hafi verið settur upp. Það er til samræmis við frásögn ökumanns A sem segir í málskoti að hann hafi greint hættuljós en ekki séð bifreiðina. Hafi hann gert ráð fyrir að verið væri að skafa slabb og salta. Hann hafi markvisst dregið úr hraða sem var ekki mikill fyrir en bifreiðin hafi byrjað að renna án nokkurs viðnáms þrátt fyrir að vera búin negldum hjólbörðum. Er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að ökumaður B hafi vanrækt skyldur sínar hvað þetta varðar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að byggja á því að orsök árekstursins hafi verið sú að A gætti ekki nægilega að umferð fyrir framan sig, þrátt fyrir að veita hættuljósum sem stöfuðu frá B athygli, sem leiddi til þess að við þær akstursaðstæður sem voru til staðar gat hann ekki stöðvað bifreið sína áður en til áreksturs kom.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir